hendi, og af áfrýjanda hálfu mætti að vísu annar yfirrjettarmálaflutningsmaðurinn, en hann lagði eigi fram áfrýjunarstefnuna í málinu, sem hann kvað ókomna til sín frá stefnuvottunum, er hann kvaðst hafa sent hana til birtingar. Þar sem áfrýjandi þannig eigi hefur lagt mál þetta fyrir rjettinn á þann hátt, er lögin fyrirskipa, sbr. n. l. 1 — 4 — 4, verður að skoða mót hans eða umboðsmanns hans í því fyrir rjettinum þýðingarlaust fyrir málið og álíta það þess vegna burtu fallið fyrir fjarvist málsaðila.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjunarstefnan í máli þessu á ómerk að vera.

Mánudaginn 9. septembermánaðar.

Nr. 31/1895: Rjettvísin gegn Guðmundi Jónssyni.

Dómur:

Með aukarjettardómi Kjósar- og Gullbringusýslu 15. marz þ. á. var hinn ákærði Guðmundur Jónsson í Vívatsbæ í Höfnum dæmdur samkvæmt 230. gr. almennra hegningarlaga í 5 daga fangelsi við vatn og brauð, svo og til að greiða allan af málinu gegn honum leiðandi kostnað, en dómi þessum er af hálfu hins opinbera skotið til yfirdómsins.

Það er sannað með eigin játningu ákærða og öðrum skýrslum í málinu, að 12. nóv. f. á., er hann var staddur í Hafnarfirði, stal hann við verzlunarbúð þar poka með nesti í ásamt trefli, er ferðamaður geymdi þar, og lagði hann síðan af stað með þetta hvorttveggja heim á leið. Eigandinn kom að litlu síðar og saknaði pokans; fór hann þá á eptir ákærða og náði honum skammt fyrir sunnan Hafnarfjörð, þar sem hann var að borða af nestinu með öðrum manni, sem hann hafði boðið með sjer, og voru þeir næstum búnir með það. Kannaðist ákærði þegar við afbrot sitt og skilaði eigandanum treflinum og pokanum með því, sem óeytt var af nestinu. Trefillinn hefur verið virtur á 3 kr.

Afbrot ákærða, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og eigi hefur áður sætt ákæru eða hegningu fyrir neitt lagabrot, er af undirdómaranum rjettilega heimfært undir 230. gr. almennra hegningarlaga, og með því að refsingin þykir hæfilega metin 5 daga fangelsi við vatn og brauð og yfirdómurinn fellst einnig á málskostnaðarákvæði undirdómsins, ber að staðfesta hann að öllu leyti. Hinum ákærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði aukarjettardómur á að vera óraskaður. Svo greiði hinn ákærði og allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og yfirrjettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 16. septembermánaðar.

Nr. 30/1895: Hið opinbera
gegn
Sigmundi Guðmundssyni.

Dómur:

Með dómi lögreglurjettar Reykjavíkur 8. júní þ. á. var hinn kærði Sigmundur prentari Guðmundsson fyrir að hafa óhlýðnast boði fátækrastjórnarinnar í Reykjavík — en hann þiggur þar af fátækrafje — um að stunda prentiðn þar, sem honum hafði verið vísað á vinnu, svo og fyrir óspektir á strætum bæjarins, skammir og áflog, dæmdur fyrir fyrnefnda yfirtroðslu í 5 daga fangelsi við vatn og brauð, og fyrir síðarnefnda, eða brot gegn lögreglusamþykkt bæjarins, í 10 kr. sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur.

Þessum dómi er að ósk kærða áfrýjað til landsyfirdómsins.